

nefndra laga: *Sauðlauksdalur*: Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjar- **121**
sóknir; *Eyrar*: Eyra- og Stóra-Laugardalssóknir; *Bildudalur*: Bildudals- og Selár- 20. okt.
dalssóknir. Jafnframt er svo kveðið á um, að prestarnir í prestaköllum þessum
taki frá fardögum 1908 laun eftir hinum nýju prestlaunalögum 16. nóvbr. 1907
nr. 46 þannig:

I fyrsta launaflokki (1700 kr.):

Síra Þorvaldur Jakobsson í Sauðlauksdalsprestakalli.

I þriðja launaflokki (1300 kr.):

Síra Jón Árnason í Bildudalsprestakalli.

Síra Magnús Þorsteinsson í Eyraprestakalli.

Þetta er yður til vitundar gefið yðar til leiðbeiningar og frekari birt-
ingar og ráðstöfunar.

Auglýsing

122
4. sept.

um

breyting á takmörkum Síðuhjeraðs og Hornafjarðarhjeraðs.

Samkvæmt heimild þeirri, er veitt er í 2. málsg. 1. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um skipun læknishjeraða m. m., hefir stjórnarráðið eftir tillögu sýslunefndarinnar í Austurskaftafellssýslu gjört þá breytingu á takmörkum Síðuhjeraðs og Hornafjarðarhjeraðs, að Hofshreppur gangi undan hinu fyrnefnda læknishjeraði og undir hitt, þannig að Hornafjarðarhjerað nái yfir alla Austurskaftafellssýslu.

Þetta kunngjörst öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4. septbr. 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.